

# Fundargerð 426. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, mánudaginn 28. september kl. 13:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Lúðvík Geirsson, Björn Arnaldsson og Rebekka Hilmarsdóttir.

Eydís Ásbjörnsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla - 2009023HA

Lögð fram drög að umsögn um fyrirhugaða breytingu á reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla. Einnig lögð fram fundargerð 244. fundar stjórnar Reykjaneshafnar frá 24. september 2020. Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sat fundinn undir þessum lið.

*Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkir drögin og felur formanni að ganga frá umsögninni m.v. umræður á fundinum og senda í samráðsgátt.*

Hanna Björg Konráðsdóttir kom inn á fundinn kl. 13:15.

### 2. Hafnasambandsþing 2020 - 2009026HA

Rætt um hafnasambandsþing 2020 en á seinasta stjórnarfundi var ákveðið að fresta þinginu og taka málið aftur upp á fundi í lok september.

*Í ljósi mála er ekki hægt að taka ákvörðun um tímasetningu þingsins að svo stöddu. Samþykkt að taka málið aftur upp á næsta fundi stjórnar.*

### 3. Drög að skýrslu stjórnar - 2009026HA

Lögð fram til kynningar drög að skýrslu stjórnar Hafnasambands Íslands fyrir starfsárið 2018-2020.

### 4. Drög að fjárhagsáætlun - 2009027HA

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Hafnasambands Íslands 2021-2022.

*Tillaga að fjárhagsáætlun 2021 og 2022 samþykkt sem og tillögur að árgjöldum aðildarhafna.*

### 5. Siglingaráð - 2009019HA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 23. og 24. fundar Siglingaráðs frá 5. mars og 28. maí 2020.

## 6. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2019 - 2009002HA

Lögð fram til kynningar drög að skýrslu um úttekt og greiningu á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2019.

Fundi var slitið kl. 13:45

---

Gísli Gíslason

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Pétur Ólafsson

---

Lúðvík Geirsson

---

Björn Arnaldsson

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

Valur Rafn Halldósson